

Tónheyrn F1

Tónheyrn F1 er fyrsti áfangi af fjórum í tónheyrn til framhaldsprófs. Til þess að mega taka hann verða nemendur áður að hafa lokið **samræmdu miðprófi í tónfræðigreinum** og verða að hafa lokið annaðhvort grunnskólaprófi eða fullgildu miðprófi á hljóðfæri eða í söng. Að honum loknum er ætlast til þess að nemendur séu tilbúnir að takast á við tónheyrn F2. Í tónheyrn F1 er áfram fengist við efni sem lært hefur verið í fyrri tónheyrnaráföngum og nokkru efni bætt við auk þess að ætlast er til að nemendur geti fengist við þyngri dæmi en áður.


Námsefni:

The Folk Song Sight Singing Series bækur 1-2

Rhythmic Training eftir Robert Starer

Elementary Training for Musicians eftir Paul Hindemith

Manuel Pratique eftir Georges Dandelot



Bækurnar fást í Vaski.

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Tónheyrn F1.

Nótnalestur

Nemandi

- hafi gott vald á nótnalestri, jafnt í G-lykli sem F-lykli.

Hrynur

Nemandi

- geti flutt undirbúin hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með lengdargildum og samsvarandi þögnum allt að sextándupörtum sem og með tríólum, synkópum, einföldum punkteringum og yfirbindingum.
- geti flutt óundirbúin hryndæmi, léttari en hin undirbúnu í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með sextándapartsnótum og sextándapartsþögnum, tríólum, synkópum, einföldum punkteringum, yfirbindingum og þögnum.
- geti farið með einfaldar tveggja radda hrynæfingar.
- geti skrifað niður eftir heyrn hryndæmi með synkópum, tríólum, yfirbindingum og þögnum.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- geti sungið alla dúrtónstiga á söngheitum og nótnanöfnum upp og niður frá sérhverjum tóni.
- geti stokkið viðstöðulítið á milli allra tóna dúrtónstiga.
- geti sungið undirbúnar laglínur í öllum dúr- og molltóntegundum á söngheitum, án undirleiks.
- geti sungið óundirbúnar laglínur, léttari en hinar undirbúnu, með eða án söngheita, án undirleiks.

Tónbil

Nemandi

- geti sungið öll tónbil innan áttundar upp frá gefnum tóni.
- geti sungið 2undir, 3undir og ferundir niður frá gefnum tóni.
- geti greint eftir heyrn öll tónbil innan áttundar sem leikin eru upp eða niður frá gefnum tóni eða í samhljómi.

Hljómar

Nemandi

- geti greint eftir heyrn á milli eftirfarandi þríhljómsgerða: dúr, moll, minnkaður og stækkaður.
- geti skrifað niður eftir heyrn einfaldar hljómaraðir innan tóntegundar í dúr, í grunnstöðu án sjöundar.

Taktsláttur

Nemandi

- hafi gott vald á taktslætti í tví-, þrí-, og fjórskiptum takti og geti beitt honum við lestur laglína og hryndæma, jafnt undirbúið sem óundirbúið.